

Mál nr. 7/2011

M
og
váttryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.

Stjórnandi hjólagröfu slasaðist er grafan valt er henni var ekið upp á flutningsvagn.

Gögn.

3. Málskot, móttakið 12.1.2011, ásamt fylgigögnum.
4. Bréf X, dags. 3.2.2011, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 24.11.2008 stjórnaði M hjólagröfu er henni var ekið upp sliskjur til að koma gröfunni fyrir á flutningsvagni. Grafan var í eigu V, vinnuveitanda M. Þurfti að lyfta gröfunni upp svo stuðningsfætur undir henni myndu ekki rekast í sliskjurnar. Er M snéri gröfuarminum til að geta lyft gröfunni upp valt grafan ofan af sliskjunum og á hliðina. Við það slasaðist M. M hafði unnið sambærileg störf hjá V í u.þ.b. fjögur ár. Í skýrslu Vinnueftirlits ríkisins um slysið segir að slysið megi helst rekja til þess flutningstækið, þ.e. vörubíll með tengivagni, henti ekki til að flytja hjólagröfu af þessari gerð. Þá kveður M að hann hafi ekið gröfunni upp sliskjurnar eftir leiðbeiningum frá samstarfsmanni sínum.

M kveður búnað þann sem V lagði til hafi ekki verið fullnægjandi og það hafi leitt til slyssins jafnframt sem leiðbeiningar samstarfsmanns M hafi átt vissan þátt í því hvernig fór. Hefur M krafist bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá váttryggingafélaginu X. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Niðurstaða Vinnueftirlitsins um orsök slyssins er ekki rökstudd og ekki verður með skýrum hætti séð af gögnum málsins hvernig komist er að þeirri niðurstöðu að flutningstækið hafi ekki hentað til flutningsins. Þá verður heldur ekki séð af málgögnum, þ. á m. stuttri myndbandsupptöku á mynddiski, að slysið megi rekja til mistaka samstarfsmanns M við að leiðbeina honum við stjórn gröfunnar. Samkvæmt þessu þykir ekki hafa verið sýnt nægilega fram á að V beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni því sem M hlaut í slysinu. Af því leiðir að M á heldur ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Niðurstaða.

Líkamstjón M er ekki bótaskyld.

Reykjavík, 22. febrúar 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.